

Reglur Akta sjóða hf. fyrir Akta VaxtaVeröld hs.

1. gr.

Heiti sjóðsins o.fl.

Heiti sjóðsins er Akta VaxtaVeröld hs. og er kennitala hans 430620-9750 („Akta VaxtaVeröld“ eða „sjóðurinn“). Rekstraraðili sjóðsins er Akta sjóðir hf., kt. 430713-0940, Borgartúni 25, 105 Reykjavík („Akta“ eða „rekstraraðili“). Akta VaxtaVeröld hs. er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og starfar skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða („lög nr. 45/2020“). Sjóðurinn starfar óskiptur og hefur ekki heimild til markaðssetningar í öðrum ríkjum en á Íslandi. Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum.

2. gr.

Fjárfestingarstefna sjóðsins

Rekstraraðili sjóðsins hefur afmarkað fjárfestingarstefnu hans. Fjárfestingarstefnan felur í sér þær áherslur sem stjórn rekstraraðila telur rétt að leggja til grundvallar í fjárfestingum sjóðsins.

Markmið sjóðsins er að nýta þau tækifæri á erlendum skuldabréfamörkuðum sem á hverjum tíma eru talin skila bestri ávöxtun með tilliti til áhættu. Sjóðurinn er að auki ávallt að fullu varinn gegn gjaldeyrisáhættu

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í breiðu mengi tryggra skuldabréfa (e. investment grade) svo sem ríkisskuldabréfum, fyrirtækjaskuldabréfum, víkjandi skuldabréfum auk afleiðna og sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Sjóðnum er heimild að fjárfesta fyrir allt að 100% eigna í bandarískum ríkisskuldabréfum.

Fjárfestingarstefna og heimildir eru nánar útlistaðar í töflu hér að neðan (vægi miðast við vægi af hreinni eign sjóðsins). Um fjárfestingarheimildir sjóðsins gilda einnig ákvæði B. hluta X. kafla laga nr. 45/2020.

Eignaflokkur	Vægi alls
Skuldabréf og víxlar útgefin af ríki eða með ábyrgð þess	0-100%
Önnur skráð skuldabréf og víxlar	0-100%
Peningamarkaðsgerningar	0-100%
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða*	0-100%
Hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu*	0-100%
- Þar af hlutdeildarskírteini annarra sérhæfðra sjóða	0-20%
Óskráð skuldabréf og víxlar	0-30%
Innlán fjármálafyrirtækja	0-50%

Skortsala skráðra verðbréfa ^[1]	0-20%
Afleiður vegna stöðutöku eða áhættuvarna	0-100%

**Sem fjárfesta í tryggum (e. investment grade) skuldabréfum, víxlum, lánum og skyldum afurðum*

Sérstakar fjárfestingartakmarkanir: innlendar fjárfestingarheimildir sjóðsins ná eingöngu til ríkisskuldabréfa, ríkisvíxla, innlána fjármálastofnana og hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða og sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta aðallega í innlánnum og skammtímaskuldabréfum.

Nánar um fjárfestingarstefnu sjóðsins

Skuldabréf og víxlar útgefn af ríki eða með ábyrgð þess

Sjóðurinn hefur heimild til þess að fjárfesta fyrir allt að 100% af eignum í innlendum og erlendum skuldabréfum og víxlum útgefnum af íslenska ríkinu og erlendum ríkjum eða með ábyrgð þeirra. Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta fyrir allt að 35% af eignum í skuldabréfum og víxlum útgefnum af einu ríki eða með ábyrgð þess að undanskildu bandaríska ríkinu þar sem heimild er til að fjárfesta fyrir allt að 100%.

Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 100% eigna sinna í innlendum og erlendum skráðum og framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eða uppfylla að öðru leyti skilyrði í 1. tl. 89. gr. laga nr. 45/2020.

Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta allt að 100% eigna sinna í innlendum og erlendum skuldabréfum og víxlum sem uppfylla framangreind skilyrði. Undir þá heimild falla meðal annars skráð skuldabréf fyrirtækja, sveitarfélaga, fjármálafyrirtækja og annarra fyrirtækja.

Óskráð verðbréf og peningamarkaðsgerningar

Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í innlendum og erlendum óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum.

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta fyrir allt að 30% af eignum í innlendum og erlendum óskráðum skuldabréfum og víxlum.

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu

Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta fyrir allt að 100% af eignum í hlutdeildarskírteinum innlendra og erlendra verðbréfasjóða sem fjárfesta í innlendum og erlendum skuldabréfum, víxlum, lánum og skyldum afurðum.

Þá er sjóðnum heimilt að fjárfesta fyrir allt að 100% af eignum í hlutdeildarskírteinum innlendra og erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem falla undir 2. tl. 89. gr. laga nr. 45/2020 og fjárfesta í skuldabréfum, víxlum, lánum og skyldum afurðum. Þar af er heimilt að fjárfesta fyrir að hámarki 20% af eignum í öðrum innlendum og erlendum sérhæfðum sjóðum sem falla undir 6. tl. 89. gr. sömu laga.

^[1] Aldrei hærra en 20% af hreinni eign sjóðsins, sbr. 3. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020.

Innlán fjármálafyrirtækja

Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í innlendum og erlendum innlánnum fjármálafyrirtækja fyrir allt að 50% af eignum sjóðsins.

Takmarkanir á vægi einstakra útgefenda

Sjóðnum er ekki heimilt að fjárfesta umfram 35% af eignum í einu ríki nema með sérstakri heimild Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið hefur veitt sjóðnum heimild skv. 6. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020 til að binda allt að 100% af eignum sjóðsins í skuldabréfum og víxlum útgefnum af bandaríska ríkinu eða með ábyrgð þess. Í þeim tilvikum sem framangreind heimild er nýtt skulu fjárfestingar sjóðsins dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur viðkomandi útgefanda og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins.

Að öðru leyti er sjóðurinn bundinn takmörkunum á vægi einstakra útgefenda í samræmi við 93. og 94. gr. laga nr. 45/2020.

Skortsala

Sjóðurinn hefur heimild til skortsölu á skráðum innlendum og erlendum verðbréfum sbr. 3. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem sjóðurinn hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meira en 20% af eignum sjóðsins. Skortsala á óskráðum verðbréfum er óheimil.

Lántaka

Á grundvelli 2. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020 er heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðsins.

Laust fé

Í samræmi við 90. gr. laga nr. 45/2020 er sjóðnum heimilt að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum.

Afleiður

Sjóðnum er heimilt að nota afleiður, t.d. framvirka samninga, mismunasamninga, valrétti, áskriftarréttindi eða skiptasamninga, þ.m.t. heildarskiptasamninga, bæði sem hluta af áhættustýringu, til að draga úr áhættu og/eða til að minnka kostnað, og sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni.

Sjóðnum er bæði heimilt að eiga viðskipti með innlendar og erlendar skráðar sem óskráðar afleiður í samræmi við 4. og 5. tl. 89. gr. og 92. gr. laga nr. 45/2020.

Að því marki sem íslensk lög og reglur, þ.m.t. reglur settar af Seðlabanka Íslands, heimila, er sjóðnum heimilt að nota framvirka samninga, valrétti og aðrar afleiður á gengisvísitölu krónunnar, á erlendar myntir á móti krónu og á erlenda gjaldmiðlakrossa. Í samræmi við framangreind skilyrði er heimilt að verja gengisáhættu allt að 100% eigna sjóðsins. Sjóðurinn getur bæði hagnast og tapað á slíkum vörnum. Sjóðurinn getur tapað því sem nemur gengisbreytingu þeirra gjaldmiðla sem varnir sjóðsins eru samansettar af.

Sjóðnum er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal m.a. taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og tíma til að loka afleiðu.

Metið hámarkstap af afleiðu má að hámarki nema 100% af hreinni eign sjóðsins og getur því heildaráhætta sjóðsins numið 200% af hreinum eignum samkvæmt því. Auk þess hefur sjóðurinn heimild til lántöku á grundvelli 2. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020 og skortsölu á grundvelli 3. mgr. 95. gr. sömu laga, og getur því heildaráhætta, ef framangreindar heimildir eru einnig nýttar, verið allt að 245% af hreinni eign sjóðsins.

Fjárfestingar sjóðsins í afleiðum skulu taka mið af stefnu sjóðsins og heimildum til þess að fjárfesta í einstökum tegundum fjármálagerninga, og takmörkun fjárfestinga í einum útgefanda eða tiltekinni útgáfu.

Mótaðilaáhætta sjóðsins er takmörkuð með því að sjóðnum er aðeins heimilt að binda allt að 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða, sbr. 3. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

3. gr.

Starfsemi

Akta sjóðir hf., kt. 430713-0940 er rekstraraðili sjóðsins. Heimilt er að skipta um rekstraraðila að undangenginni ákvörðun stjórnar og samþykkis Fjármálaeftirlitsins.

Vörsluaðili sjóðsins er Kvikabanki hf., kt. 540502-2930, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík. Heimilt er að skipta um vörsluaðila að undangenginni ákvörðun stjórnar og samþykkis Fjármálaeftirlitsins.

Kvikabanki hf. sinnir einnig öðrum verkefnum í rekstri sjóðsins samkvæmt samningi þar um. Á grundvelli heimildar í 29. gr. laga nr. 45/2020 hefur rekstraraðili sjóðsins útvistað ýmsum lögbundnum verkefnum rekstraraðila sjóðsins til Kvika banka hf., s.s. bókhalds- og uppgjörspjónustu, hlutaskráningu og rafrænni skráningu, umsýslu og uppgjör viðskipta auk launavinnslu. Þá hefur innri endurskoðun verið útistað til ráðgjafarsviðs KPMG ehf. og rekstri upplýsingakerfis útvistað til Advania hf.

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 45/2020 hefur útivistun á framangreindum lögbundnum verkefnum rekstraraðila engin áhrif á ábyrgð félagsins gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina.

Að öðru leyti annast rekstraraðili sjóðsins daglegan rekstur hans og umsýslu eigna hans í samræmi við ákvarðanir stjórnar rekstraraðila.

4. gr.

Þóknun og kostnaður

Umsýsluþóknun rekstraraðila fyrir rekstur Akta VaxtaVeraldar er 1,0% af hreinni eign sjóðsins. Í rekstri sjóðsins felast fjárfestingar í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins, útreikningur á innlausnarvirði, umsýsla og eftirlit, reikningshald, þjónusta við eigendur o.fl. Umsýsluþóknun er reiknuð á ársgrundvelli og er reiknuð daglega inn í gengi sjóðsins. Umsýsluþóknun er greidd mánaðarlega af verðmæti útistandandi hlutdeildarskírteina eða annarri staðfestingu á tilkalli til verðbréfaeignar sjóðsins í mánaðarlok.

Enginn gengismunur er á kaup- og sölugengi Akta VaxtaVeraldar, og því sama kaupgengi (innlausnarvirði) og sölugengi. Gengi hlutdeildarskírteina sjóðsins er reiknað út daglega og að jafnaði birt daglega, en eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði.

Akta VaxtaVeröld greiðir rekstraraðila árangurstengda þóknun að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Sú þóknun rennur til Akta sjóða hf. en hún reiknast af daglegri ávöxtun sjóðsins umfram ákveðið viðmið. Við útreikning á þóknuninni er tekið mið af hlutfallslegri breytingu hreinnar eignar í upphafi og lok dags að teknu tilliti til kaupa og innlausna í sjóðnum og viðmiðs um ávöxtun.

Árangurstengda þóknun skal reiknuð út samkvæmt eftirfarandi:

Árangurstengd þóknun = Ávöxtun umfram viðmiði_t x Árangurstenging x Virði útistandandi hlutdeildarskírteina_t

Ávöxtun umfram viðmiði: $\text{MAX}[(\text{NAV}_t / \text{NAV}_{t_0}) - (V_t / V_{t_0}), 0]$

NAV_t: Gengi hlutdeildarskírteina sjóðsins á tíma t, áður en tekið er tillit til árangurstengdrar þóknunar

V_t: Gengi viðmiðs á tíma t.

Árangurstenging: 15%.

Virði útistandandi hlutdeildarskírteina_t: Fjöldi hlutdeildarskírteina sjóðsins á tíma t x NAV_t

t₀: Miðast við það sem nær er í tíma, a) síðustu ársfjórðungsmót þegar skilyrði til greiðslu árangurstengdrar þóknunar voru uppfyllt eða b) þeirrar dagsetningar sem kaup í sjóðnum áttu sér stað. Hver kaup í sjóðnum hafa sinn viðmiðunardag (t₀) og því getur hver sjóðsfélagi verið með fleiri en einn viðmiðunardag, hafi hann keypt í sjóðnum oftar en einu sinni.

Til þess að árangurstengd þóknun verði greidd þurfa tvö skilyrði að vera uppfyllt. Það fyrra er að gengi hlutdeildarskírteina sjóðsins þarf að vera hærra en gengi viðmiðs, þ.e. NAV_t > V_t. Það seinna er að gengi sjóðsins þarf að vera hærra en síðasta ársfjórðungslega hágildi, eða hærra en gengið þegar kaup áttu sér stað í sjóðnum, hvort sem nær er í tíma. Við upphaf hvers viðmiðunartímabils er NAV_{t0} og V_{t0} jafnað.

Árangurstengd þóknun er reiknuð og færð til skuldar daglega. Þóknunin er þó aðeins gerð upp í lok hvers ársfjórðungs nema innlausn hafi átt sér stað fyrir ársfjórðungslök, en þá greiðist þóknunin við innlausn.

Viðmiðið miðast við hliðstæða fjárfestingu sem uppreiknast m.v. viðmiðunarvexti SOFR (Secured Overnight Financing Rate) yfir nótt að viðbættu 0,5% álagi (Bloomberg: SOFRRATE Index). Seðlabanki New York-ríkis (Federal Reserve Bank of New York) tekur saman og birtir upplýsingar um eiginlega vexti í viðskiptum með reiðufé á milli aðila yfir nótt (e. overnight) með veði í bandarískum ríkisskuldabréfum.

Árangurstengd þóknun er reiknuð af vörslufyrirtæki sjóðsins. Ytri endurskoðandi rekstraraðila staðfestir reikniðferðir og útreikninga.

Athygli fjárfesta er vakin á því að framangreind árangurstengd þóknun byggir á hagnaði sjóðsins yfir tiltekið tímabil hvort sem hagnaður er innleystur eða óinnleystur. Jafnframt því að árangurstengd þóknun kann að vera greidd af óinnleystum hagnaði sem kann aldrei að verða innleystur, svo sem vegna verðbreytinga.

Beinn kostnaður sem fellur til vegna reksturs og umsýslu fyrir Akta VaxtaVeraldar, svo sem vegna umsýðar og vörslu fjármálagerna, kostnaður vegna fjármálaeftirlits, fjármálakerfa annarra en eignastýringakerfa, kostnaðar vegna áskriftar að verðbréfavísitölum ef um það er að ræða, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar og pósts- og pappírskostnaðar og annars slíks verða greidd af sjóðnum (upptalningin er ekki tæmandi).

Sjóðurinn fjárfestir ekki í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem bera hærri umsýslu- og stjórnunarkostnað en 5,0%. Með umsýslu- og stjórnunarkostnaði er átt við fastan kostnað sjóðsins.

Birt gengi Akta VaxtaVeraldar tekur tillit til umsýslubóknunar og árangurstengdrar bóknunar.

Á heimasíðu Akta sjóða, www.akta.is er að finna upplýsingar um gengi sjóða í rekstri félagsins.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þá kostnaðarliði sem eiga við um sjóðinn.

Umsýslubóknun	Árangurstenging
1,0%	15,0%

5. gr.

Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra

Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína. Hlutdeildarskírteini verða gefin út af rekstraraðila sjóðsins til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar og óska eftir því. Hlutdeildarskírteini sjóðsins verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Hlutdeildarskírteinin eru gefin út af rekstraraðila sjóðsins rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð og skráð á nafn eða á safnreikning hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki. Um útgáfuna gilda lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna, sbr. 3. og 4. mgr. 74. gr. laga nr. 45/2020. Þeir sem þess óska fá í hendur hlutdeildarskírteini, sbr. 1. mgr. 74. gr. sömu laga. Viðskipti með hlutdeildarskírteini fara ekki fram á skipulegum verðbréfamörkuðum og eru hlutdeildarskírteini sjóðsins því hvorki tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland eða á öðrum skipulegum verðbréfamörkuðum.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi. Lokunartíminn er kl. 12:00 og uppgjör sjóðsins vegna kaupa og sölu miðast við T+2, þ.e.a.s. það á sér stað á öðrum bankadegi (dagur sem bankar eru almennt opnir í Reykjavík) eftir að fyrirmæli um kaup eða sölu hlutdeildarskírteina eru komin til sjóðsins.

Fyrir innlausnarupphæðir sem nema yfir 10% af hreinni eign sjóðsins, þó ekki lægra en 100 m.kr., hefur rekstraraðili sjóðsins heimild til að framkvæma innlausn hlutdeildarskírteina að hluta eða öllu leyti með því að framselja til hlutdeildarskírteinishafa verðbréf og fjármálagerna sjóðsins og aðrar eignir hans í sömu hlutföllum og svara til hlutdeildar viðkomandi í sjóðnum (innlausn „in kind“).

Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina í samræmi við 87. gr. laga nr. 45/2020.

6. gr.

Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Arður, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem kunna að myndast af fjármálagerningum og öðrum eignum í eigu sjóðsins verður ráðstafað til endurfjárfestinga og þ.a.l. bætt við höfuðstól sjóðsins.

7. gr.

Útreikningur á innlausnarvirði hlutar.

Gengi sjóðsins er reiknað daglega. Kaupgengi (innlausnarvirði) hlutdeildarskírteina í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að fráðregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, árangurstengdri þókun, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleysta hlutdeildarskírteina, sbr. 88. gr. laga nr. 45/2020.

Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

8. gr.

Um slit sjóðsins

Stjórn rekstraraðila sjóðsins tekur ákvörðun um slit sjóðsins og samruna hans við aðra sjóði. Ástæður sem gætu legið að baki slíkri ákvörðun er t.d. ef stærð sjóðs fer undir lögbundna lágmarksfjárhæð eða ef markaðsaðstæður eru á þann veg að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa eru best varðir með því að slíta sjóðnum eða sameina hann öðrum sjóði.

Tilkynna skal ákvörðun um samruna sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis eða með rafrænum hætti ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblaði. Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa um samruna skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála samruna og tilgreinda dagsetningu gildistöku samrunans. Á því tímabili sem líður frá því rekstraraðili sendir út tilkynningu og þar til samruni sjóðs tekur gildi, skulu hlutdeildarskírteinishafar sem ekki eru samþykkir hafa tækifæri til að krefjast innlausnar allra hlutdeildarskírteina sinna samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um innlausn.

Tilkynna skal ákvörðun um slit sjóðsins sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis eða með rafrænum hætti ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblaði. Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa um slit skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og tilgreinda dagsetningu gildistöku slita. Komi til slita sjóðsins skal rekstraraðili hans koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að fráðregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu þeirra. Rekstraraðila er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (in kind), á sanngjarnan hátt. Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjörs sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn rekstraraðila sjóðsins, í þágu þeirra er í hlut eiga.

9. gr.

Breytingar á reglum sjóðsins

Stjórn rekstraraðila sjóðsins getur að fengnum tillögum sjóðstjóra eða að eigin frumkvæði breytt reglum þessum hvenær sem er. Breytingin öðlast hins vegar ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að fresta gildistöku í allt að þrjá mánuði frá staðfestingu ef ástæða er til, sbr. 2. mgr. 85. gr. laga nr. 45/2020. Breytingarnar skulu tilkynntar eigendum hlutdeildarskírteina. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá þeirri tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. 85. gr. sömu laga.

10. gr.

Upplýsingar

Rekstraraðili sjóðsins skal birta endurskoðaðan ársreikning og kannaðan árshlutareikning fyrir félagið, sem inniheldur sérgreindar upplýsingar um sjóðinn í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma. Jafnframt skal gefa út útboðslýsingu og skjal með lykilupplýsingum þar sem komi fram nauðsynlegar upplýsingar til að fjárfestum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í sjóðnum í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

Reglur þessar taka gildi þann 30. september 2025. *Þessar eru undirritaðar með fullgildri rafrænni undirritun í samræmi við lög nr. 55/2019 um na auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti. Undirritunarsíða fylgir reglum þessum. Hver sá aðili sem undirritar reglurnar fyrir hönd lögaðila lýsir því yfir og ábyrgist að hann hafi fullnægjandi umboð, samkvæmt þeim lögum, reglum og samþykktum sem um hlutaðeigandi lögaðila gilda, að hann sé bær til að skuldbinda hann í samræmi við útboðslýsingu þessa.*

Stjórn Akta sjóða hf.

1. september 2025

Agla Elísabet Hendriksdóttir

Stjórnarformaður

Daníel Pálmason,

Stjórnarmaður

Jóhann Gunnar Jóhannsson

Stjórnarmaður

(Rafræn undirritunarsíða fylgir)